

Tinova UV Super Terrace

UV pallaolía - vatnspynnanleg

Efnislýsing

Tinova UV Super Terrace er vatnspynnanleg viðarolía ætluð á palla og húsgögn úr gagnvörðu timbri. Olían smýgur vel í undirlagið og fyrirbyggir raka- og sprungumyndun í viðnum. Mikill kostur er að hægt er að nota Tinova UV Super Terrace pallaolíuna bæði glæra og litaða. Hún inniheldur UV-ljóssíur sem þýðir að hún ver viðinn einnig ólituð og viðurinn gránar (sólbrennur) ekki. Þó er mælt með að bera aðeins oftar á flötinn ef notuð er glær olía til að tryggja bestu endingu varnar og viðar. Glær Tinova UV Super Terrace hentar einstaklega vel á litaðan olíuborinn við þar sem óskað er að halda litnum óbreyttum en með hámarksvörn. Mælt er með Sikkens Cetol efnunum á harðvið.



Meðhöndlun

1. Ávallt skal hreinsa nýjan og gamlan við með Tinova Wood Cleaner. Þetta er gert til að opna upp viðinn og þannig tryggja jafna dreifingu og gegndræpi olíunnar í viðinn. Einnig til að hreinsa burt óhreinindi, gráma og olíuleifar úr gömlum við. Hægt er að finna nánari upplýsingar í verklýsingu um hreinsun palla.
2. Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viðnum) áður en Tinova UV Super Terrace er borin á.
3. Við endurmálun á áður olíubornum við skal þrifa hann fyrst með sápuafni fyrir gróður og myglu, þ.e. Alg- og Mögeltvätt.
4. Berið á 1-2 umferðir af Tinova UV Super Terrace; þörfin veltur á því hve vel viðurinn metast. Athugið að mikilvægt er að þurrka burt umframolíu eftir 5-10 mínútur svo ekki myndist filma á viðnum. Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast að búa til færsluskil (aukaliststyrk) á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun.
5. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal velja minni litstyrk eða jafnvel glært næst þegar borið er á flötinn. Mælt er með að renna yfir með olíu á hverju ári.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks. Málið aldrei þegar hitastig er undir 5°C eða við hátt rakastig (>80%).

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Þurrefni: 45%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 8 klst

Yfirmálun: 12 klst

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, kústar, rúllur

Þekja: 8-10 m²/l

Umbúðir: 2,5 og 5 lítra dósir

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleyfum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.